



Doctor oeconomiae honoris causa í viðskipta- og hagfræðideild

Donna E. Shalala gegnir störfum rektors (president) University of Miami á Florida í Bandaríkjunum og er prófessor við sömu stofnun. Hún var heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna í 8 ára valdatíð Bills Clintons. Dr. Shalala gegndi áður starfi prófessors í stjórnmálafræði við Wisconsin háskóla og meðal fyrri starfa má nefna að hún var rektor við Hunter College í New York auk þess sem hún hefur starfað við kennslu og rannsóknir í skólum á borð við Baruch College og Columbia University í New York.

Donna Shalala hefur fléttað saman opinbera stjórnsýslu og stefnumótun, fræðastörf og þátttöku í mörgum félagssamtökum ásamt því að vera virkur þátttakandi á hinu pólitíska sviði. Hún hefur þannig sýnt fram á það hvernig háskólakennarar geta haft áhrif á þjóðfélagið, tengt rannsóknir sínar verkefnum og vandamálum samtímans og jafnframt hagnýtt sér þekkingu sína við opinber störf með sérstaklega áhrifaríkum hætti.

Í rannsóknum sínum beitir dr. Shalala aðferðum heilsuhagfræði, stjórnmálafræði, heilbrigðisvísinda og lögfræði við lausn ýmissa hagnýtra vandamála, s.s. á sviði mennta-, byggða- og heilbrigðismála.

Ferilskrá Donnu Shalalu má lesa hér.

http://www6.miami.edu/president/2007_pictures/shalalacv_10-24-07.pdf